

**W  
E  
LÓ  
E**

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2020

Tíska



Tíska er eitt af þeim fyrirbærum sem við höfum flest mjög gaman af og njótum þess að lifa og hrærast í. En þessum iðnaði, eins og svo mörgum öðrum, fylgir skuggamynd sem getur verið krefjandi að forðast. ➔4



Sólveig opnaði nýlega nýja verslun í Ármúla, sem er björt með gott aðgengi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Verslun Guðsteins er nú á tveimur stöðum

Verslun Guðsteins er 102 ára fjölskyldufyrirtæki sem hefur sett svip sinn á Laugaveginum í áratugi. Nýlega var einnig opnuð björt og aðgengileg verslun í Ármúla 11, en Guðsteinn verður þó líka áfram á sínum stað í miðbænum. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!



**Sólveig segir að vöruúrvalið í Ármúla og á Laugavegi verði svipað.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

#### Framhald af forsiðu →

**S**ólveig Grétarsdóttir og maðurinn hennar Hörður Harðarson keyptu Verslun Guðsteins fyrir einu og hálfu ári, en Sólveig hafði þá unnið sem rekstrarstjóri í versluninni síðan vorið 2016. Sólveig segir að frá þeim tíma hafi hún tekið eftir miklum breytingum á Laugaveginum.

„Ekki bara núna síðan í vor heldur alveg frá 2016 hefur verið mikið af ferðamönnum á Laugaveginum og mun færri Íslendingar. Maður sér það vel núna þegar ferðamaðurinn er ekki lengur á götunum. Laugavegurinn er tómur virka daga en það færast líf á götuna um helgar, en kannski minna núna þegar COVID er í hámarki,“ segir Sólveig.

Hún veltir fyrir sér af hverju ekki er hægt að hafa Laugaveg opinn á virkum dögum á veturna og vera með lokað á laugardögum.

„Þá væri hægt að vera með einhverjar uppákomur til að trekkja Íslendinginn í miðbæinn. Sumarlokarnir eru finar að minnu mati en ekki allt árið um kring.“

Ástæða þess að Sólveig og Hörður hafa opnað aðra Guðsteins verslun er slæmt aðgengi og lokun Laugavegs allt árið sem var samþykkt núna í september.

„Við höfum verið að fá símtöl og tölvupósta þess efnis að fólk er að tilkynna okkur að það geti ekki lengur verslað hjá okkur vegna lokunar götunnar og einnig vegna mjög ruglingslegrar aðkomu að miðbænum,“ útskýrir Sólveig. Við erum einfaldlega að mæta þörfum viðskiptavina okkar.

„Alengt var að fólk væri keyrt upp að dyrum til þess að viðkomandi kæmist til okkar. Viðskiptavinir okkar komu einnig oft í leigubílum.“

Sólveig segir að þau hafi sérstaklega fundið fyrir þessari ruglingslegu aðkomu þegar Reykjavíkurborg ákvað að snúa umferðarflaumum frá Frakkastíg að Klapparstíg við, en hann hélst þannig síðasta vetur og hefur mætt



Vandaður jakki og peysa frá Digel.

miklum pirringi hjá fólki að sögn Sólveigar.

#### Viðskiptavinir snúa aftur

Í Verslun Guðsteins er mikið af vörum sem þarfnast þjónustu, eins og jakkaföt og buxur sem þarf að stytta og eiga við hjá klæðskera.

„Við höfum fundið fyrir miklu þakklæti og fengið frábærar mót-tökur frá okkar viðskiptavinum vegna þess að við höfum opnað aðra Verslun Guðsteins. Við erum byrjuð að fá viðskiptavini til okkar aftur sem ekki hafa komið á Laugavegin síðastliðin ár,“ segir Sólveig.

„Fólk er einnig mjög ánægt með að heyra að við ætlum að hafa Verslunina á Laugaveginum opna áfram, margir hafa sterkar taugar til þessarar gömlu verslunar.“

Það er mikil saga á bak við þetta 102 ára gamla fjölskyldufyrirtæki, sem Sólveig segir að þurfi að passa að tynist ekki.

„Það eru ekki margar svona verslanir hér á landi og til að geta haldið lífi þá var þetta niðurstaða okkar, að opna aðra Verslun Guðsteins. Svo kemur í ljós hvort við náum að halda gömlu búðinni líka sem er klárlega stefna okkar,“ segir Sólveig.



Í versluninni er vönduð skólina frá þýska merkinu Digel.



Verslunin er með úrval af skyrtum.

„Það verður svipað vöruúrval á Laugavegi og í Ármúla, en Laugavegurinn verður meira í boutique-stíl. Þar verðum við til dæmis með Harris Tweed föt sem við erum nýkomin með frá Buckrout Tailoring og vörur frá JOOP sem er klassískt merki með glæsilegan fatnað.“

#### Fjölbreytt vöruúrval

„Við ætlum að stíga lengra í að gera Verslun Guðsteins á Laugavegi fallettri og meira í anda gamla tímabilsins, en ég lagði áherslu á að hanna Verslun Guðsteins í

Ármúla 11 opna og nýtskulega, hún er björt og með gott aðgengi,“ segir Sólveig.

„Við erum með okkar vinsælu buxur frá þýska merkinu Meyer sem er 60 ára fyrirtæki. Þeir eru með flotta stefnu hjá sér, orðnir lífrænir, kaupa bómull beint af bændum og varan er öll framleidd í Evrópu. Þetta eru mjög góðar og vandaðar buxur og koma upp í góðar stærðir fyrir herra menn. Annað vörumerki hjá okkur er Digel sem er einnig þýskt, en við erum við með jakkaföt, staka jakka, skyrtur, peysur og alveg frábæra skólina frá þeim.“

Einnig tekur Sólveig fram að verslunin sé með æðislegar peysur frá Ítalíu, mjög gott skyrtaúrval, frá Olymp, bæði í slim fit og modern fit sniðum, sem henta öllum gerðum af karlmönnum og skyrtur frá Bosweel, Digel og JOOP og nú er einnig hægt að fá skyrtur frá Rael Brooks.

„Okkar klassisku hnepptu náttföt eru einnig komin til okkar aftur frá Rael Brooks og líka frá Jockey og Hajo, sem eru snillingar í kósífötum eða heimafötum.“

Verslun Guðsteins hefur alltaf verið mikil jólabúð og Sólveig segir að hún verði það áfram.

„Ég myndi mæla með að fólk fari tímanlega af stað í jólagjafaleiðangur til að létta á COVID-spennu í desember.“



Verð: 32.980  
Nú: 23.086



Verð: 29.980  
Nú: 20.986



Verð: 28.980  
Nú: 20.286

HAUST-  
SPRENGJA



Verð: 39.980  
Nú: 27.986

**30% afsláttur**  
af völdum vörum



Verð: 28.980  
Nú: 20.286



*hjá*  
**Hjahrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



Verð: 24.980  
Nú: 17.486

# Tíska með betri vitund

Flest höfum við mjög gaman af fyrirbærinu tísku og njótum þess að lifa og hrærast í henni. En þessum iðnaði eins og svo mörgum öðrum fylgir skuggi sem getur verið krefjandi að forðast.

Jóhanna María  
Einarsdóttir

johannamaria@frettabladid.is



Tískuiðnaðurinn hefur verið gagnrýndur fyrir ósjálfbærni og neikvæð áhrif á umhverfið, sérstaklega þegar kemur að „fast fashion“ fyrirbærinu og skammlífum tiskusveiflum. Mörg efni sem eru algeng innan tískuiðnaðarins eru framleidd með mengandi efnum og notast við ósjálfbærar náttúruauðlindir eins og jarðefnaeldsneyti. Nútíminn er trunta, sagði skáldið og með aukinni umhverfisvitund og útbreiddari upplýsingum um ástand umhverfismála verður sífellt erfiðara að halda samviskunni hreinni.

Þrátt fyrir það er tíska óneitanlega skemmtileg og hún veitir okkur gleði og leiðir til sjálfstjórningar. Þó svo margt innan iðnaðarins sé ekki með allra besta móti umhverfislega séð, þá er samt sem áður vel hægt að taka meðvitaðar ákvarðanir um að velja betur þegar kemur að fatakaupum. Eitt af því sem hægt er að gera er að kaupa fatnað sem saumaður er úr umhverfisvænum efnum. En hvaða efni koma til greina þegar velja á þessi svokölluðu „umhverfisvænu efni“? Hér á eftir eru nefnd algeng efni sem ætti að vera hægt að finna í flestum tiskuvöruverslunum.

## Bómull er ekki bara bómull

Þó svo bómull komi mörgum fyrst í hug þegar þeir hugsa um náttúrulegt tau, þá er bómull ekki einfaldlega bómull þegar kemur að umhverfinu og sjálfbærni. Hefðbundin bómullarframleiðsla krefst gifurlegs magns af vatni, skordýraeitri og öðrum skaðlegum efnum.

Það eru þó til sjálfbærar aðferðir við framleiðslu á bómull sem taka til greina áhrif framleiðslunnar á umhverfið. The Better Cotton Initiative er alþjóðlegt átak sem styrkir ræktendur víða um heim í átt að sjálfbærari bómullarframleiðslu þar sem tekið er tillit til



Ullin er falleg, hlý, endingargóð og umhverfisvæn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.



Það er ekki sama hvort það er bómull eða séra bómull.

heilbrigði jarðvegsins, vatnsaðgangs og fleira. Um 12,5 prósent af allri bómull á markaðnum eru framleidd undir þessum hatti. Einnig má nefna framleiðslu á lífrænni bómull. Hún er ræktuð án notkunar skordýraeiturs, genabreyttra fræja og manngerðs áburðar.

Til þess að ganga úr skugga um hvort bómullin í vörinni sé fram-

» Það er ekki að ástæðulausu að hampefni eru að koma aftur í tísku, en ræktun hamps er sérlega sjálfbær. Þessi tiltekna planta af kannabisætt vex einstaklega hratt, þarfnast einskis skordýraeiturs og étur ekki upp öll næringarefni í jarðveginum.

leidd á hefðbundinn skaðlegan máta, eða á sjálfbærari máta, er alltaf hægt að skoða merkimiðann á flikinni. Ef hún er merkt GOTS (Global Organic Textile Standard) þá er framleiðslan laus við eiturfeni, skordýraeitur og skaðlegan áburð sem skaðar bæði umhverfið og verkamennina. Einnig er góð regla að velja ávallt efni sem eru ólituð eða lituð með náttúrulegum litarefnum.

## Ull er gull

Þó svo ullarframleiðsla hafi gegnum tíðina ekki uppfyllt kröfur um dýravelferð þá er ullarframleiðsla þrátt fyrir það sjálfbær. Ull er allt í senn endurnýjanleg, endingargóð og lífbrjótanleg. Að auki hafa sumir fjárbændur framleitt ull með því að nota tækni sem bindur kolefni úr andrúmsloftinu og minnkar þannig umhverfisáhrif.



Lyocell er afar fjölbreytt efni sem hægt er að nýta í ýmiss konar tiskufatnaði. Hér má sjá kinnverska fatahönnuðinn Chen Wen nota Lyocell í fallegan kjól á tiskuvíkunni í Kína fyrir vor og sumar árið 2019. MYND/GETTY

## Lín

Lín er tau sem búið er til úr hör. Línið hefur fylgt mannkyninu allt frá Fornegyptum sökum þess hve ótrúlega endingargott það er, sem og vegna kælieiginleika þess. Svo lengi sem hörinn er ræktaður á svæðum sem henta, eins og víða í Evrópu, þá er engin þörf á áburði eða skordýraeitri. Að auki þarfnast ræktunin þar ekki mikillar vökvunar og hefur ekki slæm áhrif á jarðveginn. Í dag eru nær þrjú fjórðu hlutar af öllum hör í heiminum ræktaðir innan Evrópusambandsins.

## Lyocell og náttúrutrefjar

Lyocell er náttúrulegt efni, framleitt úr sellulósa sem unnið er úr viðarkvöðu. Hráefnið eða trefjarnar nefnast Tencel og er nafnið í eigu austurríksk fyrirtækis. Tencel trefjarnar og þar með Lyocell eru lífbrjótanleg og framleiðslan krefst mjög lítils umhverfisrasks. Úrgangsvatn frá framleiðslunni er endurnýtt og engin skaðleg eiturfeni eru notuð.

Meðal annarra náttúruafna sem

valda litlu umhverfisraski eru efni eins og korkur, bambus og jafnvel þari og hafa umhverfismeðvitaðir hönnuðir framleitt fatnað og tiskuvörur sem standast síðferðislegar og umhverfislegar kröfur sem og kröfur grænkeru.

Hampur hefur verið notaður svo öldum skiptir við ýmiss konar framleiðslu og meðal annars í gerð náttúruvæns tauefnis. Þá er plantan þekktust fyrir hippamenninguna á 7. og 8. áratugnum. Það er ekki að ástæðulausu að hampefni eru að koma aftur í tísku, en ræktun hamps er sérlega sjálfbær. Þessi tiltekna planta af kannabisætt vex einstaklega hratt, þarfnast einskis skordýraeiturs og étur ekki upp öll næringarefni í jarðveginum.

Tau úr hampi er mjög áþekkt líni, er sérlega endingargott og ertir ekki húðina. Hampefni í sínu náttúrulegasta formi heldur ekki lit vel, nema mjög sterk litarefni séu notuð. En ólitaður og náttúrulega litaður hampur getur þrátt fyrir það gefið af sér fallega en daufa tóna.

## FLOTTAR YFIRHAFNIR, FYRIR FLOTTAR KONUR



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Curvy 

# MIKIÐ ÚRVAL AF KÓSÝ HEIMAFÖTUM

Stærðir 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið og pantað í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Opið í verslun Curvy alla virka daga  
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING

Ef þú verslar fyrir  
5000 kr eða meira



Náttkjöll  
6.590 kr  
Stærðir 14-30



Jöggung galli  
8.990 kr  
Stærðir 16-26



Kósý kjöll  
8.590 kr  
Stærðir 14-30



Djúsi Peysa  
5.990 kr  
Stærðir 16-26



Náttbuxur  
7.590 kr  
Stærðir 14-30



Viscose kjöll  
5.990 kr  
Stærðir 16-26

# Töfrandi og tignarlegur

Oscar Wilde er mörgum kunnur en hann er einn þekktasti rithöfundur, leikrita- og ljóðskáld Íra. Á morgun, 16. október, eru liðin 166 ár frá fæðingu þessa stórmerkilega manns.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiser@frettabladid.is



**W**ilde var mikill framúr-stefnumaður í hugsunarhætti og áhrifa hans gætti og hefur raunar gætt meðal ótal listamanna allar götur síðan. Hann þótti einstaklega hnyttinn og varð fljótt afar eftirsóttur og áberandi í félags- og skemmtanarlífi Lundúna eftir að hafa flust þangað seint á áttunda áratug 19. aldar að loknu námi við Oxford.

## Vaxandi fræð og umtal

Árið 1881 var óperan *Patience* eftir Gilbert og Sullivan frumsýnd en verkið var háðsádeila á fagurfræðistefnuna sem í hugum margra var samofin Wilde. Fagurfræðistefnan (*Aesthetic Movement*) gekk út á að hafna siðferðisboðskap í bókmenntum, tónlist og öðrum listformum. Áherslan var fremur á fagurfræðina og einkennisörðin voru „list fyrir listarinnar sakir“.

Ein af aðalpersónunum var bersýnilega byggð á Wilde og gerði það að verkum að nafn hans varð enn þekktara. Wilde, sem á þessum tíma glímdi við fjárhagsörðugleika, var þá boðið að flytja fyrirlestra í Bandaríkjunum á sama tíma og *Patience* var sett upp í New York. Þegar hann kom til New York með skipi í desember 1881 lét hann eftirfarandi orð falla við tollafgreiðslumanninn: „Ég hef ekkert að tilkynna nema snilli mína.“

Wilde sló í gegn í Bandaríkjunum, dvaldi þar um skeið og heim sótti einnig Kanada. Hann flutti svo til Frakklands í stuttan tíma en sneri aftur til Englandis vegna áhuga síns á konu að nafni Constance Lloyd sem var dóttir efnáðs lögfræðings frá London. Talið er að fjárhagssjónarmið hafi haft áhrif á ráðahaginn og að Wilde hafi hugsanlega viljað kvænast til þess að þagga niður þrálátan orðróm um samkynhneigð.

Þau giftust árið 1884 og bjuggu í fjögurra hæða húsi í London sem Wilde eyddi miklum fjármunum í að láta endurgera. Wilde var idinn við skrif, vinsældir hans fóru stöðugt vaxandi og um skeið var mikið um gestagang á heimilinu. Hjónin eignuðust tvo drengi, Cyril og Vyvyan. Árið 1887 tók hann við



Oscar Wilde í Bandaríkjunum í janúar árið 1882. MYNDIR/GETTY

ritstjórn á kventimaritinu „*Lady's World: A Magazine of Fashion and Society*“ sem hann umbreytti og endurnefndi „*Woman's World*“. Þar fjallaði hann um ýmis málefni ásamt Constance en hún var líka rithöfundur og skrifaði fyrir tímaritið.

Klæðaburður Wilde vakti líkt og hann mikla athygli en hann klæddist oft háum sokkum, hnébuxum, loðfeldum og flauelslám. Hann sagði að fatnaður ætti að vera fallegur en þó hagnýtur. Klæðnaðurinn sem þótti einkenniandi fyrir fagurfræðihreyfinguna bar merki afturhvarfs til tímans fyrir iðnbyltingu. Þröngu lífstykkinn sem einkenndu hið heftandi Viktoríutímabil áttu ekki upp á pallborðið. Sjálfur Wilde talaði um fatnað af því tagi sem ofríki eða harðstjórn (e. tyranny).

## Upphafið að endinum

Samhliða vaxandi vinsældum eyddi Wilde sífellt meiri tíma utan heimilisins og þá helst í félagsskap ungra fállegra manna. Árið 1891 kynntist hann svo ungum manni, lávarðinum Alfred Douglas, en samband þeirra átti eftir að leggja líf Wilde í rúst. Faðir Alfred, aðalsmaðurinn John Douglas, var afar ósáttur við samband þeirra og dreifði andstyggilegum orðrómum um Wilde sem leiddi til þess að Wilde ákvað að lögsækja hann fyrir meiðyrði. Úr urðu alræmd réttarhöld þar sem verjendur Douglas ásökuðu Wilde um kynvillu og fór það svo að Douglas var fundinn saklaus. Wilde var dæmdur til að greiða lögfræðikostnað Douglas og var svo sjálfur fundinn sekur um ósiðsemi og samkynhneigð (e. sodomy) og dæmdur til tveggja ára



Oscar Wilde þótti og þykir enn einstaklega hnyttinn og heillandi.

“Hann fann mikið til útlits síns, og þótti vel, þegar honum var líkt við rómverskan keisara frá hnignunaröldinni.

fangelsisvistar. Að henni lokinni neyddist hann til að yfirgefa England og hrökklaðist til Frakklands. Þar drakk hann sífellt meira áfengi þrátt fyrir mikinn heilsubrest og lést svo árið 1890. Jafnvel á dánarbedinum var hann hnyttinn en hann lét hafa eftir sér að hann stæði í banvænu einvígi við ljótt veggfóðrið sem prýddi veggina og að annað hvort þeirra þyrfti að fara.

Meðferðin sem Wilde hlaut á Englandi þótti afar smáanleg og var mikið fjallað um örlög hans. Í tímaritinu *Iðunn* er til dæmis að finna stórskemmtilega grein um Oscar Wilde eftir Guðmund Kamban frá árinu 1929 þar sem hann lýsir Wilde á eftirminnilegan og lifandi hátt.

„Oscar Wilde var hár maður vexti, augun grá, fjörmikil og fögur með afbrigðum; hárið mikið og með jörpum ljóma. Hann fann mikið til útlits síns, og þótti vel, þegar honum var líkt við rómverskan keisara frá hnignunaröldinni. Í búnaði var hann allra



Oscar Wilde í grískum búningi árið 1877 en hann þótti skara fram úr við þýðingar á grískum og latneskum textum.

manna glæsilegastur, og ekki laus við að vera of íburðarsamur, over-dressed. Þó að hann hafi samið sum beztu rit sín á furðulega skömmum tíma, var hann makráður að eðlisfari. Hann var tiginmannlega stiltur í viðmóti og hafði hljómbliðan málró, sem jók áhrif þess, sem mest var töfrandi í fari hans: mál hans, andríki þess og hugvit. Hann taldi það sjálfur sína æðstu gáfu: að tala. Hann sagði einu sinni: „Ég gaf listinni hæfileika mína, lífinu guðdómsneistann.““


## Verkfræði og arkitektúr

Sérlega flott blað um heim verkfræði og arkitektúrs í Fréttablaðinu miðvikudaginn 30. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir;

Jóhann Waage, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins  
Sími: 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki



Ford C-Max 2/2104 ekinn aðeins 115 þ. Km. Diesel. Sjálfskiptur. Álfelgur. Samlitur. Ofi. Ný skoðaður. Rúmgóður fjölskyldubíll á góðu verði. Verð: 1.450.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)

## Þjónusta

### Pípulagnir

### PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.  
Upplýsingar í síma 868-2055

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarátt. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða [malalar@simnet.is](mailto:malalar@simnet.is)

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### HÚS OG MÁL

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga

- Gipsvinna
- Glerskipti
- Málun
- Trésmíðavinnu
- Flísalagnir
- Múrverk
- Gluggaskipti
- Múrviðgerðir

Sími. 788 7688  
[info@husogmal.is](mailto:info@husogmal.is)

### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Stökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

### Óskast keypt

### STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

### Til bygginga



### HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, paniill, pallaefni, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf. Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hj Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## Námskeið

### Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að Skúlagötu 40 til að geta boðið nemendum upp að halda fjarlægðarmörk vegna Covid19. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.

Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

#### Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30  
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30  
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

#### Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

#### Framhaldsnámskeið spænska IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

#### Skype námskeið spænska III (22.000 krónur):

Mánudaga og miðvikudaga: 19:30 - 20:30

#### Skype byrjendanámskeið (22.000 krónur):

Þriðjudaga og fimmtudaga: 20:00 - 21:00



#### Námskeiðin hefjast 19. og 20. október.

Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða [spenskuskolinnhablame@gmail.com](mailto:spenskuskolinnhablame@gmail.com)

Facebook: Spænskuskólinn Háblame  
Instagram: spenskuskolinn\_hablame

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafflaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og [rafeindir.is](http://rafeindir.is)



## Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## íshúsið

S:566 6000 • Smíðuvegur 4a, 200 Kópavogur

## Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bástúal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**  
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770  
www.radum.is • radum@radum.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


# 89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu.



\*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Sterk tengsl  
í íslensku  
atvinnulífi

 **HAGVANGUR**  
hagvangur.is